

Fundarnúmer:	150
Dagsetning:	12.11.2008
Tími:	13:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Árið 2008 miðvikudaginn 12. nóvember kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til **150. fundar** í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 13:00. Mætt undirrituð. Oddviti setti fund. Í upphafi gerði oddviti tillögu um að inn á dagskrá verði tekin sem 5. liður fundargerð 92. fundar félagsmálaráðs. Var það samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerði byggðarráðs. Formaður kynnti.

a) Fundargerð 562. fundar 13. október. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

b) Fundargerð 563. fundar 15. október. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

c) Fundargerð 564. fundar 20. október. Fundargerð í 10 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 9. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar verklagsreglur um starfsmannaráðningar hjá Húnaþingi vestra dags. 10. nóvember 2008.“ Borinn undir atkvæði 9. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

d) Fundargerð 565. fundar 27. október. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

e) Fundarð 566. fundar 29. október. Fundargerð í 3 liðum. Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum. Með fylgdi bókun sveitarstjórnar að samþykkt þessa liðar er samkvæmt fjárhagsáætlun. Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi bókun frá Oddi Sigurðarsyni: „Samfylkingin vill benda á að sveitarfélagið keypti stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík fyrir kr. 166,3 milljónir á síðasta ári og skuldar enn um 30 milljónir vegna þeirrar fjárfestingar. Arðgreiðslur á árinu 2008 voru um 30 milljónir.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum.

f) Fundargerð 567. fundar 3. nóvember. Fundargerð í 7 liðum. Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum. Guðný Helga Björnsdóttir óskaði bókað að hún taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

g) Fundargerð 568. fundar 10. nóvember. Fundargerð í 9 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 6. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrirbyggjandi samning sem undirritaður hefur verið af hálfu Menntamálaráðuneytis og fulltrúa sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um stækkun verknámsaðstöðu Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Fjármálaráðuneytið á enn eftir að staðfesta samninginn. Sveitarstjórn staðfestir fyrir sitt leyti samninginn eins og hann liggur fyrir en þar er kostnaðarhlutdeild Húnaþings vestra alls kr. 4.221.373- þar við bætast kr. 750.371- sem er hlutdeild Húnaþings vestra í 42m2 tengibyggingu. Áætlað framlag Húnaþings vestra er því alls kr. 4.971.745- Sveitarstjórn gerir þann fyrirvara við staðfestingu samningsins að komi fram misræmi við opnun tilboða í verkið þar sem niðurstaða útboðs leiðir í ljós hærri framkvæmdakostnað en fyrirbyggjandi samningur gerir ráð fyrir skulu aðilar setjast yfir samningsmál að nýju eða falla frá framkvæmdum ella. Er það enda skilningur fulltrúa sveitarfélaga í byggingarnefnd hússins að um þessa málsmeðferð hafi aðilar sammælt við undirritun samningsins. Að öðru leyti hvetur sveitarstjórn Húnaþings vestra til þess að Fjármálaráðuneytið staðfesti samninginn hið fyrsta og að allri hönnun og undirbúningi útboðs verði hraðað sem kostur er svo hefja megi framkvæmdir sem allra fyrst á árinu 2009“. Borinn undir atkvæði 6. liður fundargerðarinnar

ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 5. liðar frá Oddi Sigurðarsyni: „Legg til að samantekt Ágústs Jakobssonar formanns starfshópsins ásamt meðfylgjandi gögnum starfshópsins verði send til fræðsluráðs til kynningar.“ Borinn undir atkvæði 5. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum

2. Fundargerð 80. fundar menningar- og tómstundaráðs 15. október. Fundargerð í 6 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga v. 1.-4. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa 1.-4. lið fundargerðarinnar til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.“ Bornir undir atkvæði 1. – 4. liðir fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 5. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á rekstri Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra:

*Tvö árstíðartímabil verði á opnun Íþróttamiðstöðvar í stað þriggja eins og nú er. Þ.e. vetrartími frá 1. september til 15. maí. Og sumartími hina mánuði ársins og opnunartími þessi tímabil verði sá sami og verið hefur.

* Helgarvaktir yfir sumartímamann verði tvískiptar þannig að fyrri vaktin standi frá kl. 09:45 til 16:00 og sú síðari frá kl. 13:00 til 20:00. Yfir mesta annatíma sumarsins er forstöðumanni þó heimilt að skipuleggja vaktir þannig að tvöföld vakt sé allan daginn. * Einn starfsmaður verði á helgarvakt yfir vetrartímamann.

* Á virkum dögum yfir vetrartímamann verður seinni vakt tvískipt þannig að fyrri starfsmaður hefji vakt kl. 15:00 til 23:00 en sá seinni hefur vakt sína kl. 19:00 og henni ljúki kl. 23:00. Sveitarstjóra falið að leggja fram tillögu um gildistöku og framkvæmd tillagnanna“. Borinn undir atkvæði 5. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1. Lögð var fram svohljóðandi bókun frá Oddi Sigurðarsyni; „Yfir vetrartímamann á tímabilinu 14:00-19:00 er mikið af ungmennum í íþróttahúsinu og sundlauginni við æfingar á hverjum degi, ásamt almennum gestum í sundlaug, þrek-og ljósabekk. Þess vegna tel ég með öllu óviðunandi þó ekki væri nema vegna öryggissjónarmiða hvað þá heldur annarra sjónarmiða svo sem þjónustu að hafa aðeins einn mann á vakt þann tíma.“ Sjötti liður fundargerðarinnar samþykktur með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð 88. fundar landbúnaðarráðs 21. október. Fundargerð í 4 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð 153. fundar skipulags- og umhverfisráðs 6. nóvember. Fundargerð í 5 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrir sitt leyti landsskipti á jörðinni Lækjamóti landnúmer 144624 skv. hnitsettum uppdrætti frá Ráðbarði sf. teikning nr. HVL0101 dags. 20.10.2008.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal óskaði bókað að hún taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Borinn undir atkvæði 5. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi bókun frá Oddi Sigurðarsyni: „Mér þykir með ólíkindum að ekki þurfi að skila inn fullnægjandi gögnum vegna þessa verks eins og tíðkast hjá öðrum. Enn vantar neyðarútgang úr fundarsal sveitarstjórnar Húnaþings vestra eins og kveðið var um þegar sótt var um byggingarleyfi fyrir breytingum á húsnæði sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, mér er til efs að leyfa hefði mátt almenna notkun á húsinu án þess að neyðarútgangar úr Ráðhúsi Húnaþings vestra að Hvammstangabraut 5 væru komnir í það horf sem teikningar segja til um. Sveitarfélagið þarf að sæta lögum eins og hinir.“ Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð 92. fundar félagsmálaráðs 16. október. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 16:15.

Ólafur B. Óskarsson, fundarritari(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Rakel Runólfsdóttir(sign.), Elín R. Líndal(sign.),
Þ. Karl Eggertsson(sign.), Gunnar Þorgeirsson(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.), Oddur Sigurðarson(sign.).